

**Velferðarráðuneytið og Akureyrarbær  
gera með sér svohljóðandi**

**s a m k o m u l a g**

**um framkvæmd verkefnisins**

**VINNA OG VIRKNI – Átak til atvinnu 2013**

**1. gr. Markmið og sköpun starfa.**

Tilgangur samkomulags þessa er að virkja atvinnuleitendur í sveitarfélaginu sem fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á tímabilinu frá 1. september 2012 til 31. desember 2013 til þátttöku að nýju á vinnumarkaði í samræmi við átakið „Vinna og virkni – átak til atvinnu 2013“ og koma þannig í veg fyrir að langvarandi atvinnuleysi leiði til óvinnufærni. Til að því markmiði verði náð er gert ráð fyrir að í tengslum við átakið verði til að lágmarki 2.200 sex mánaða starfstengd vinnumarkaðsúrræði á landsvísu. Miðað er við að sveitarfélögin á landinu öllu skapi að lágmarki 660 starfstengd vinnumarkaðsúrræði eða 30% þeirra úrræða sem skapa á á tímabilinu. Á móti er gert ráð fyrir að ríkið skapi 220 starfstengd vinnumarkaðsúrræði eða 10% og almenni vinnumarkaðurinn 1.320 eða 60%. Samkomulag þetta fjallar um framkvæmd átaksins innan sveitarfélagsins.

Takist ekki að bjóða atvinnuleitanda starf eða starfsendurhæfingu innan áætlunar um verkefnið, eða þess tíma að hann hefur fullnýtt bótarétt sinn skv. lögum um atvinnuleysistryggingar, skal honum samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar 16.11.2012, eftir tillögu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs frá 15.11.2012 (sjá fylgiskjal 1), tryggður biðstyrkur til allt að 6 mánaða eða þar til honum er boðið starf eða úrræði. Styrkfjárhæð miðast við rétt viðkomandi í atvinnuleysistryggingakerfinu.

Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir atvinnuleitanda biðstyrk. Sveitarfélagið, þar sem viðkomandi styrkþegi á lögheimili, endurgreiðir Atvinnuleysistryggingasjóði 40% styrkfjárhæðar fyrstu þrjá mánuði þess tímabils sem styrkur er veittur. Heimilt er að skuldajafna endurgreiðslu styrks við framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs til ráðninga sveitarfélags skv. 3. gr.

**2. gr. Samhliða aðgerðir.**

Forsenda samkomulags þessa er að samhliða ráðningum sveitarfélagsins á atvinnuleitendum innan verkefnisins Vinna og virkni 2013 verði eftirfarandi aðgerðir tryggðar:

a) Þeim einstaklingum sem njóta framfærslu sveitarfélaga, en eru vinnufærir og í virkri atvinnuleit og teljast því til hóps atvinnuleitenda, verði boðin ráðgjöf og greiningarviðtöl hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar eða Starfs, vinnumiðlunar og ráðgjafar. Miðað er við að Vinnumálastofnun hefji þessa þjónustu sem fyrst á árinu 2013 og eigi síðar en í september.

b) Samstarf um þjónustu við ungt fólk á aldrinum 16–25 ára sem nýtur fjárhagsaðstoðar hjá félagsþjónustu sveitarfélaga verður eflð og opnað fyrir aðkomu fleiri sveitarfélaga að Atvinnutorgunum á árinu 2013.

c) Komið verði á styrku samstarfi Vinnumálastofnunar, Starfs, vinnumiðlunar og ráðgjafar, félagsþjónustu sveitarfélaga og VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs, um ráðgjöf og þjónustu við þá sem þurfa á atvinnutengdri starfsendurhæfingu að halda og teljast tryggðir samkvæmt 8. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, sbr. einnig 9. gr. laganna, enda uppfylli þeir skilyrði laganna að öðru leyti til að eiga rétt til þjónustu starfsendurhæfingarsjóða.

d) Starfshópur sem velferðarráðherra hefur skipað til að fara yfir framkomnar óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga um skýrari heimildir til að skilyrða fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitarfélaga við virkni skili niðurstöðum til ráðherra fyrir 16. desember nk.

### 3. gr. Fjölgun starfa fyrir atvinnuleitendur innan sveitarfélagsins.

Í samræmi við markmið samkomulagsins skuldbindur sveitarfélagið sem er aðili að þessu samkomulagi sig til að skapa allt að 19 6-7 mánaða störf á tímabilinu 1. desember 2012 til 1. október 2013. Í þeim tilgangi að skapa starfstengd vinnumarkaðsúræði er sveitarfélaginu heimilt að gera samninga við frjáls félagasamtök innan sveitarfélagsins um slík úrræði. Einnig er sveitarfélaginu heimilt að eiga samstarf við önnur sveitarfélög um framboð starfa.

Sömuleiðis er sveitarfélagi heimilt að ráða atvinnuleitanda innan verkefnisins í 80% starf (4 dagar í viku í stað 5) og skal starfið þá vara í 7 mánuði enda styrkur þá 80% af grunnbótum þann tíma. Ávallt skal þó boð um hlutastarf vera valkvætt fyrir atvinnuleitanda eða skv. mati ráðgjafa en slík störf skulu þó ekki vera fleiri en 40% heildarstarfa viðkomandi sveitarfélags.

Störfin skulu skráð í sameiginlegan starfabanka verkefnisins og vera þeim atvinnuleitendum sem uppfylla skilyrðin opin til umsóknar. Þá skal við það miðað að ráðið sé í starf innan mánaðar frá því að sótt er um slíkt starf, eða að miðlað sé í það.

Eftirfarandi áætlun, um dreifingu fjölda starfa í Akueyrarbæ á árinu 2013, sýnir lágmark þeirra starfa sem sveitarfélagið skuldbindur sig til að skrá í gagnagrunn verkefnisins á hverjum tíma, en mikilvægt er að sem flest starfstengd vinnumarkaðsúræði verði til sem fyrst á árinu 2013. Þetta getur eftir atvikum þýtt að sveitarfélagið skapi hlutfallslega fleiri störf á einhverjum tímapunkti en sem nemur áætlun um dreifingu.

Samtals störf	fyrir 1/1	fyrir 1/2	fyrir 1/3	fyrir 1/4	fyrir 1/5	fyrir 1/6	fyrir 1/8	fyrir 1/10
19	3	3	3	2	2	2	2	2

### 4. gr. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs með hverju starfi mun verða fjárhæð sem samsvarar eftirfarandi miðað við það tímamark sem hægt er að ráða í starfið sbr. 2. mgr. 3. gr.:

- ✓ **100% grunnatvinnuleysisbótum** ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð til vinnuveitanda með hverju starfstengdu vinnumarkaðsúrræði sem ráðið verður í á tímabilinu **desember 2012 til og með mars 2013**;
- ✓ **90% grunnatvinnuleysisbótum** ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð til vinnuveitanda með hverju starfstengdu vinnumarkaðsúrræði sem ráðið verður í á tímabilinu **apríl og maí 2013**;
- ✓ **80% grunnatvinnuleysisbótum** ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð með hverju starfstengdu vinnumarkaðsúrræði sem ráðið verður í á tímabilinu júní eða **síðar á árinu 2013**.

#### **5. gr. Ráðgjöf vegna vinnumarkaðsúrræða.**

Grundvöllur þess að sveitarfélagið geti boðið atvinnuleitendum í sveitarfélaginu, sem munu fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á tímabilinu frá 1. september 2012 fram til 31. desember 2013, starf er að sveitarfélagið hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar frá Vinnumálastofnun eða Starfi, vinnumiðlun og ráðgjöf, um atvinnuleitendur.

#### **6. gr. Stuðningur við atvinnuleitendur sem nýta sér vinnumarkaðsúrræði.**

Sveitarfélagið gerir sérstakan ráðningarsamning við atvinnuleitendur um starf. Meðan atvinnuleitendur taka þátt í virkniúrræðum sveitarfélagsins skal beina því til þeirra að halda áfram sjálfstæðri virkri atvinnuleit og sækja ráðgjöf hjá Vinnumálastofnun og Starfi, vinnumiðlun og ráðgjöf, svo sem að mæta einu sinni í mánuði í ráðgjafar- og starfsleitarviðtal til ráðgjafa.

Sveitarfélagið skuldbindur sig til að tilkynna Vinnumálastofnun eða Starfi, vinnumiðlun og ráðgjöf, eftir því sem við á, ef atvinnuleitandi hafnar starfstilboði.

Sveitarfélagið mun kynna atvinnuleitendum sem falla undir samkomulagið þátttöku ríkisins og almenna vinnumarkaðarins í átakinu auk þess að kynna atvinnurekendum í sveitarfélaginu tækifærin sem felast í þessu úrræði. Sérstaklega séu kynntir kostir þess fyrir atvinnuleitendur að leita sjálfir að störfum er geta fallið undir átakið sem og möguleikar atvinnurekenda til nýráðningar innan verkefnisins.

#### **7. gr. Verkefnisstjórn og úrlausn ágreiningsmála.**

Velferðarráðherra skipar sérstaka verkefnisstjórn sem mun sjá um framkvæmd samkomulagsins og eftirlits með því. Hún leysir úr ágreiningsmálum sem upp kunna að koma og skal gera tillögur að endurskoðun samkomulags þessa komi fram ósk viðkomandi sveitarfélags um slíkt.

Í henni eiga sæti fulltrúar eftirfarandi aðila:

Velferðarráðuneytis(2), Sambands íslenskra sveitarfélaga(2), Vinnumálastofnunar(1), Starfs, vinnumiðlunar og ráðgjafar ehf.(1), VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs(1), ASÍ(2), SA(2), BSRB(1), BHM(1) og starfsmannaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins(1). Annar fulltrúi velferðarráðherra er skipaður formaður verkefnisstjórnar.

#### **8. gr. Forsendur, vanefndir og riftunarheimild.**

Það er forsenda þessa samkomulags að almenn þátttaka verði meðal sveitarfélaga í verkefninu og að það taki til sveitarfélaga þar sem að lágmarki 90% atvinnuleitenda búa.

Uppfylli sveitarfélagið ekki hluta sinn í þessu samkomulagi um sköpun starfa er verkefnisstjórn heimilt að stöðva greiðslur til þess.

*13. desember 2012*

---

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri

---

Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra

Fylgiskjal samkomulags þessa sem telst hluti þess:

1. Samþykkt stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um verkefnið Vinna og virkni, átak til atvinnu 2013, frá 15.11.2012.